

Góðir gestir.

Eitt mikilvægasta hagsmunamál fyrirtækja nú á dögum er góður aðgangur þeirra að menntuðu og sérhæfðu vinnuaflí – úrvali starfsfólks sem hefur forsendur til að efla, styrkja og þróa fyrirtækin í vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Þó að íslenskt menntakerfi hafi tekið stórstígu framförum á síðari hluta 20. aldar hefur okkur því miður ekki tekist að svara kalli iðnaðarins eftir sérmenntuðu fólki. En þegar betur er að gáð blasir við verulegt misvægi milli framboðs og eftirspurnar á atvinnumarkaði hér á landi.

Í atvinnufyrirtækjum landsins eru að verða til störf sem illa gengur að manna. Það er napurt til þess að hugsa á sama tíma og atvinnuleysi mælist nú meira hér á landi en áður. Skortur á rétta fólkinu er einnig átakanlegur því að hann hindrar vöxt fyrirtækja hér á landi og stöðvar frekari sköpun nýrra atvinnutækifæra.

Það er þetta misvægi á vinnumarkaði sem ég ætla að fjalla betur um hér í dag. Atvinnuleysi hefur verið meira hér á landi síðustu tvö ár en við höfum áður kynnst eða 8 – 9% sem þýðir að vinnufúsar hendur 13 til 14 þúsund Íslendinga eru iðjulausar á hverjum degi.

Við úrlausn þessa risavaxna vandamáls þarf að vinna skipulega. – Í fyrsta lagi þarf að grípa til skammtímaráðstafana og að fækka atvinnulausum. Í öðru lagi þarf skipulag atvinnuuppbyggingar og menntamála að vera með þeim hætti að atvinnulífið bjóði stöðugt störf fyrir sérmenntað vinnuafl annars vegar og hins vegar að menntakerfið skili einstaklingum sem með framlagi sínu skapi forsendur fyrir enn meiri verðmætasköpun. Til að svo megi verða þurfa atvinnufyrirtækin, samtök í atvinnulífinu, menntastofnanir og opinber stjórnslá að taka höndum saman.

Hugverkaiðnaðurinn, sem nú, einn og sér, skapar um 10.000 störf gæti, samkvæmt könnun SI, bætt við sig allt að 1000 störfum á ári ef vel er á haldið - en sökum misvægis á atvinnumarkaði er óvíst að hann geri það.

Sannleikurinn er einfaldlega sá að ríflega helmingur atvinnulausra á landinu hefur litla sem enga menntun umfram grunnskólann. Að óbreyttu eru þeir ekki í stakk búnir að ganga í þau störf sem geta staðið til boða í hugverkageiranum.

Fjórðungur atvinnulausra hefur lokið stúdentsprófi eða er háskólamenntaður, en líkur eru á að það fólk hafi ekki menntað sig til tæknistarfa og leysi því ekki þau verkefni sem tæknigreinar kunna að skapa - nema gripið verði til sérstakra ráðstafana.

Skammtímaráðstafanir gegn atvinnuleysi, sem við höfum oft áður gripið til, eru átaksverkefni sem skapa störf sem ekki kalla á sérþekkingu eða reynslu. Það er ekki lausn á vandamáli heldur frestur.

Nú verðum við að fara að vinna á skipulegan hátt og með langtímasýn á hvernig við náum þeirri stöðu að sjálfbær sköpun verðmæta til útflutnings geti orðið það afl sem knýr samfélagið áfram. Fyrstu skrefin eru að grípa til aðgerða sem hraða menntun og aðlögun þeirra atvinnulausu svo þeir geti tekist á við verðmæt og arðsöm störf.

Árlega greiða atvinnulífið, stofnanir og ríkið 25 til 28 milljarða króna í atvinnuleysisbætur. Með aðeins broti þeirra fjármuna væri hægt að lyfta Grettistaki í starfs- og endurmenntun en til þess þarf samstarf allra sem að málum koma, þ.e. fyrirtækja, ríkisins, samtaka atvinnulífsins og einstaklinga.

Í Marorku, þar sem ég starfa, höfum við farið af stað með tilraunaverkefni. Í samstarfi við Vinnumálstofnun Íslands stofnuðum við fyrirtækjaskóla sem nefnist Orkustjórnunarskóli Marorku, sem annast starfsfræðslu fyrirtækisins. Verkefnið hefur gefið mjög góða raun því að

nemendur okkar hafa skilað gríðarlegum verðmætum inn í fyrirtækið og flýtt fyrir velgengni okkar.

Þótt hér sé aðeins nefnt lítið dæmi um fáa einstaklinga þá sýnir það vel hvað hægt er að gera. Margar hendur vinna létt verk og því vil ég nota þetta tækifæri til að skora á forráðamenn fyrirtækja í iðnaði að grípa tækifærið og hefja samstarf um starfsmenntun þeirra sem nú búa við atvinnuleysi. Ég hvet fyrirtæki til að stofna skóla í samvinnu við Vinnumálastofnun og opna skólann fyrir fólk í atvinnuleit. Við hjá Marorku viljum að 10% starfsfólks séu nemar í starfsþjálfun í skóla Marorku.

En það er ekki síður mikilvægt að horfa til langtímalausna hvað varðar Misvægið á íslenskum vinnumarkaði. Hér á landi eru nú um 30% vinnufærra manna og kvenna ófaglærð. Það hlutfall er helmingi hærra en þekktist hjá þeim nágrannaþjóðum sem við berum okkur helst saman við. Þessu verðum við að breyta á næstu 10 árum.

Mikilvægasta verkefni okkar allra er að móta stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar og ég hvet alla aðila vinnumarkaðarins til að standa á bak við 2020 áætlunina og nota hana sem grunn að 20 ára atvinnustefnu. Þótt það hljómi ótrúlega hefur aldrei verið til atvinnustefna hér á landi. Sá óstöðugleiki, sem við búum við um þessar mundir, á meðal annars rætur að rekja til þess.

Vegna skorts á atvinnustefnu hefur menntakerfið lagað sig að tilviljanakenndri og innihaldslítilli þenslu. Afleiðingin er sú að þegar netbólurnar, fasteignabólurnar eða bankabólurnar springa, stöndum við bæði frammi fyrir atvinnuleysi og skorti á sérhæfðu vinnuafli í þeim greinum sem líklegastar eru til að skapa ný og verðmæt störf.

Með mótun skýrrar atvinnustefnu þar sem stjórnvöld leggja fram áætlanir til a.m.k. tuttugu ára um hvernig þau hyggjast ráðstafa

fjármunum til að stuðla að tilurð nýrra starfa - skapast forsendur menntastofnana til að gera eigin áætlanir til að mæta þeirri eftirspurn sem slík atvinnustefna mun skapa.

Í mínum huga leynist enginn vafi á því að framtíðartækifæri okkar felast helst í að efla hugverka- og tæknigreinar sem byggja afkomu sína á útflutningi á vörum og þjónustu. Stjórnvöld eiga að móta atvinnustefnu sem leggur höfuðáherslu á að **treysta undirstöður** þessara greina og **trúa á** framtíð þeirra. Aðrar burðarstoðir í atvinnulífi okkar – sjávarútvegur og matvælagreinar, stóriðja og ferðaþjónusta nýta náttúruauðlindir landsins sem eru takmarkaðar. Þótt ágreiningur sé um hversu langt við höfum gengið í nýtingu þeirra er ljóst að við nálgumst mörk skynsamlegrar og sjálfbærrar nýtingar og því eru mikil takmörk fyrir því hversu mikið þessar greinar geta lagt til aukinna útflutningstekna og þess hagvaxtar sem verður að eiga sér stað.

Í ljósi þess hve heildarstefnumótun í atvinnumálum er mikilvæg getum við ekki beðið lengur með að breyta skipan atvinnumála í stjórnsýslu. Greinabundin stjórnsýsla er löngu gengin sér til húðar. Við þurfum eitt atvinnuráðaneyti sem gætir jafnræðis milli greina og metur heildarþarfir íslensks atvinnulífs og hefur forystu um mótun atvinnustefnu í þágu þjóðarinnar allrar. Jafnframt þurfum við umhverfis- og auðlindaráðuneyti sem tryggir skynsamlega og sjálfbæra nýtingu auðlinda til að afkomendur okkar geti notið þeirra á sama hátt og við.

Ágætu fundargestir.

Atvinnulífið í þessu landi þarf frið til að vinna og umfram allt stöðugleika. Við þurfum að eyða óvissu með því að móta okkur framtíðarsýn og vinna áætlanir sem verða að veruleika. Stór ágreiningsefni valda miklum óróa og óvissu í rekstri fyrirtækja innan

vébanda okkar hér í Samtökum iðnaðarins. Fyrirtæki á Íslandi bíða úrlausna þeirra.

- Við búum við gjaldeyrishöft sem ekki sér fyrir endann á.
- Aðgangi okkar að mörkuðum Evrópusambandsins er ógnað þar sem við efnum ekki eitt af lykilákvæðum samningsins um EES um frjálst flæði fjármagns.
- Aðgangur okkar að fjármagni er í óljós og takmarkaður vegna þess að ekki liggur fyrir, meðan Icesave-málið er óleyst, hvort alþjóða fjármálasamfélagið treystir okkur.
- Við notum gjaldmiðil sem fáir treysta.
- Síðast en ekki síst við eigum eftir að leiða til lykta hvort við ætlum að tilheyra samfélagi Evrópuþjóða og eiga fullt samstarf við nágrannþjóðir okkar innan vébanda Evrópusambandsins.

Biðin eftir úrlausn þessara mála er fyrirtækjum og síðast en ekki síst þjóðinni allri dýrkeypt. Þessi ágreiningsefni verða stjórn málaöflin á Íslandi að leysa með varanlegri niðurstöðu. Það er langbrýnasta hagsmunamál íslensks iðnaðar og atvinnulífsins alls.

Ég er sannfærður um að starfsskilyrði fyrirtækja á Íslandi munu stórbatna með samningi um í Icesave-deiluna, stefna á upptöku evrunnar samhliða afnámi gjaldeyrishafta og ná síðan hagstæðum samningum um aðild okkar að Evrópusambandinu. Þannig skapast sýn á okkar nánustu framtíð og þá dregur úr óvissu.

Þá skapast forsendur fyrir stöðugleika og þá um leið **mótun atvinnustefnu** sem fylgt er eftir í orði og verki. Það leiðir til þess að menntastofnanir geta horft fram á veginn og skilað út á vinnumarkaðinn öflugum starfsfólki sem mætir þörfum fyrirtækja – starfsfólki sem með hugviti og dugnaði skapar enn fleiri störf eins og við höfum ýmis dæmi um.

Samtök iðnaðarins eiga fyrst og fremst að standa vörð um hagsmuni sinna félaga – iðnfyrirtæka á Íslandi. Samtökin verða að forðast að verða leiksoppur stjórn málafla sem oft taka tímabundnar vinsældir fram yfir langtíma hagsmuni þjóðarinnar

Verkefni Samtaka iðnaðarins er að hafa forystu um að skapa sátt og að hin brýnu stóru hagsmunamál okkar allra verði hið fyrsta til lykta leidd af yfirvegum og í friði. Vinnumarkaðurinn þarf vinnufrið. Í stuttu máli sagt þurfum við:

- Stöðugleika
- Samvinnu
- Atvinnustefnu
- Menntastefnu með áherslu á viðtæka endurmenntun
- Og breytta skipan ráðuneyta
- Inngöngu í ESB

Takk fyrir./Ég þakka góða áheyrn